

## Umsögn

Umhverfisnefnd hefur borist bréf iðnaðarnefndar, dags. 11.mars sl. þar sem óskað er umsagnar nefndarinnar um frumvarp til laga um raforkuver, Norðlingaölduveita, Nesjavallavirkjun og Hitaveita Suðurnesja 670. máli.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund Þóru Ellen Þórhallsdóttur prófessor, Ragnhildi Sigurðardóttur frá Umhverfissérhæfingunni ehf., Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Mátthildur Haraldsson, oddvita Gnúpverjahrepps, Sveinbjörn Björnsson verkefnisstjóri rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, Tryggva Felixson frá Landvernd, Kristín Hauk Skarphéðinsson Náttúrufræðistofnun Íslands og Kristínu Svavarsdóttur Landgræðslunni, frá starfshópi setts umhverfisráðherra Jóns Kristjánssonar vegna Norðlingaölduveitu, Ólöfu Guðnýju Valdimarsdóttur frá Landvernd, Ólaf Andrésson frá Náttúruverndarsamtökum Íslands og Árna Bragason frá Umhverfisstofnun.

Í frumvarpinu er veitt heimild til þriggja þátta er varða raforkuframleiðslu.

Lagt er til að Landsvirkjun verði veitt heimild til að reisa uppistöðulón við Norðlingaöldu. Byggist það á úrskurði setts umhverfisráðherra, dags. 30. janúar sl. Í úrskurðinum er skýlaust kveðið á um að friðlandinu í Þjórsárverum skuli hlíft og vatnsborð uppistöðulóns skuli ekki ná inn fyrir friðlandsmörkin. Jafnframt er skýrt kveðið á um að samráð skuli haft milli fulltrúa þeirra sveitarfélaga sem hlut eiga að máli, Umhverfisstofnunar og Landsvirkjunar. Markmið þess er að ná fullri sátt um verkefnið þannig að röskun á umhverfi verði sem minnst. Ekki liggur fyrir á þessari stundu hvernig úrskurður setts umhverfisráðherra verður útfærður. Á fylgiskjali III með frumvarpinu er yfirlit um framkvæmd vegna Norðlingaölduveitu. Komið hefur fram að verið er að skoða hvaða leiðir verði farnar. Litur nefndin svo á að þær leiðir sem tilgreindar eru í fylgiskjalinu séu ekki bindandi á nokkurn hátt.

Þá felur frumvarpið í sér heimild til Orkuveitu Reykjavíkur til að framleiða allt að 80 MW raforku með jarðhitagufu á Nesjavöllum. Jafnframt er sambærileg heimild til Hitaveitu Suðurnesja til að framleiða allt að 30 MW raforku með jarðhitagufu á Reykjanesi. Leyfi fyrir raforkuframleiðslu með jarðhitagufu hjá þessum tveimur orkuframleiðendum er háð niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum og útgáfu sérstakra starfsleyfa.

Meiri hluti nefndarinnar gerir ekki athugasemdir við frumvarpið enda skal farið eftir úrskurði setts umhverfisráðherra og lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

Alþingi, 11. mars 2003.

Magnús Stefánsson,  
Þórunn Sveinbjarnardóttir,  
Katrín Fjeldsted,  
Jóhann Ársællsson,  
Gunnar Birgisson,  
Ísólfr Gylfi Pálmason.